

## Skólaráð 7. mars 2019

Mættir: Karl fulltrúi foreldra, Fannar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Þ. og Elsa fulltrúar kennara, Aðalbjörg og Árni.

Fundur kl. 11:00

Fundarritari: Árni

Dagskrá:

Loftgæði í Fossvogsskóla – úttekt Verkís og aðgerðir

- Skólaráðsfulltrúum var greint frá því að þann 5. mars var fundur með fulltrúum USK, SFS, Verkís og stjórnendum þar sem farið var yfir minnisblað frá Verkís um varðandi úttekt á loftgæðum á öllu skólahúsnæðinu en beðið hafði verið eftir niðurstöðum á hluta húsnæðisins s.s. íþróttahúsi og mötuneyti. Tegundagreining á sýnum liggur ekki enn fyrir. Farið var yfir minnisblaðið og úttektina með skólaráðsfulltrúum. Niðurstöður sýndu fram á að víða í skólahúsnæðinu er að finna raka og myglu. Auk þess er loftgæðum ábótavant. Ljóst er að umfangsmikilla framkvæmda er þörf við endurbætur.
- Skólaráðsfulltrúum var greint frá því að í morgun var fundur með fulltrúum USK, SFS, Verkís og stjórnendum. Þar var m.a. rætt um að finna þyrfti annað skólahúsnæði fyrir hluta nemenda meðan lagfæringar færu fram þannig að nemendur gætu komið aftur í skólann og framkvæmdir héldu síðan áfram þegar skóla lýkur í vor. Fyrirhugað er að leysa málin tímabundið á þennan hátt eða fram að páska. Í Austurlandi eru nokkrar skólastofur þar sem ekki greindist raki eða mygla. Samkvæmt Verkís er hægt að skerma af þessi svæði frá öðrum svæðum með sótthreinsun, þrifum og innsigliun svæða.
- Skólaráðsfulltrúar ræddu um að 1.- 3. bekkur færi í stofur í Austurlandi þar sem ekki greindist raki eða mygla. Þá var lagt til að 4. bekkur yrði áfram í Útlandi. Lagt var til að 5.- 7. bekkur færi úr húsi, jafnvel í kjallarann í Bústaðakirkju og að hluta í Víkingsheimilið
- Skólaráðsfulltrúar sammála því að reynt yrði að miða aðgerðir að því að sem minnst rask verði á skólstarfinu, þá sérstaklega varðandi yngstu nemendurna. Þetta fyrirkomulag ásamt kynningu á stöðu skólahúsnæðisins, frá fulltrúum SFS, Verkís og USK, verður kynnt foreldrum á fundi með þeim síðdegis í dag, kl. 17:00.

